



REGLUR UM NOTKUN MATARMIÐA HJÁ AKRANESKAUPSTAÐ

Starfsfólki Akraneskaupstaðar er heimilt að kaupa mat til eigin neyslu í hádegishléi á vinnudegi eða á vinnutíma gegn framvísun matarmiða útgefnum af Akraneskaupstað. Verðgildi matarmiðans getur verið allt að kr. **2.000**. Einungis bæjarstjórn Akraness getur breytt verðgildi matarmiðans. Verðgildi matarmiðast skal uppfærast árlega með gildistöku þann 1. febrúar ár hvert með tengingu við árlega hækkun þess hluta sem starfsmenn greiða fyrir miðann. Hækkunin er útreiknuð og er miðuð við beytingu á matar- og drykkjarvörulið (01) í vísitölu neysluverðs skv. tilteknum forsendum og er fjárhæðin (og þar með breytingin) birt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga undir liðnum: Greiðslur og uppbætur.

Matarmiðarnir eru eingöngu fyrir starfsmanninn sjálfan og er óheimilt að framvísa þeim til annarra.

Starfsmanni er eingöngu heimilt að framvísa matarmiða á vinnutíma og þá til kaupa á mat fyrir einstaka máltíð.

Skrifa skal greinilega á matarmiðann umbeðnar upplýsingar þ.e. nafn þess sem tekur út, hjá hvaða stofnun Akraneskaupstaðar hann vinnur, dagsetningu úttektar ásamt kennitölu viðkomandi aftan á miðann. Strimill úr sjóðsvél skal fylgja matarmiðanum, þegar hann er sendur Akraneskaupstað, þar sem skýrt kemur fram hvað er tekið út. Stefnt er að rafrænu fyrirkomulagi varðandi nýtingu matarmiðanna en slíkt útheimtir m.a. að þjónustuveitendur bjóði upp á slíka lausn.

Sé upphæð úttektar hærri en verðgildi matarmiðans, greiðir starfsmaðurinn mismuninn.

Akraneskaupstaður greiðir einungis þá fjárhæð, sem nemur verði þess matar sem tekinn er út hverju sinni gegn framvísun matarmiða. Það þýðir að skýrt þarf að koma fram á reikningi hvað tekið er út hverju sinni og hvað það kostar.

Reikningar frá söluaðilum, sem fullnægja ekki ofangreindum skilyrðum, verða endursendir og verða því eðli máls samkvæmt ekki greiddir.

Mánaðarlegir reikningar skulu stílast á Akraneskaupstað kt. 410169-4449. Greiðslufrestur er áskilinn a.m.k. 20 dagar eftir úttektarmánuð.

Reglur þessar tóku gildi 1. janúar 2011, voru síðast endurskoðaðar í janúar 2024 og gilda frá 1. febrúar 2024.

F.h. Akraneskaupstaðar

Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri